

FYLGISKJAL NR. 1011

DAGS 28.12.2000

SAMANTEKT:

17. fundur skipulags- og byggingarnefndar (Ejólfur Árni Rafnsson, Sigurður Kristjánsson, Ólafur Guðmundsson sem og Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur og Ásbjörn Þorvarðarson byggingafulltrúi Mosfellsbæjar).

8. mál á dagskrá fundarins var bréf lóðarhafa Hamrafells, Hjallabrekku og Hulduhóla dags. 24.11.2001 um gerð deiliskipulags á lóðum þeirra. Vísun var frá 495. Fundi bæjarráðs.

Málinu var frestað.

Skipulags- og byggingarnefnd, fundur nr. 17

Dags. 28. Desember 2000

17. fundur
skipulags- og byggingarnefnd
var haldinn í fundarsalnum
á 4. hæð að Þverholti 2, þriðju
28. desember 2000, kl. 8:1

(7)

Jr Fenger,

Mættir: Eyjólfur Árni Rafnsson, Sigurður Kristjánsson, Ólafur Guðmun
auk þess sátu fundinn Ásbjörn Þorvarðarson byggingarfulltrúi og Trygg
Fundargerð ritaði: Tryggvi Jónsson, bæjarverkfræðingur.

1. mál: Breyting á deiliskipulagi miðbæjarsvæðis.

Framhaldsumræða, svör við athugasemdum. Guðrún Jónsdóttir skipulagshöfundur sat fundinn undir þessum lið.
Lögð voru fram drög að svörum við athugasemdum frá bæjarverkfræðingi og skipulagshöfundi.
Málinu frestað.

2. mál: Gænamýri 5, aðkoma að lóð.

Frestun frá síðasta fundi.

Byggingarfulltrúi gerði grein fyrir málinu og fór yfir samþykkt skipulag sem gildir fyrir lóðina frá 14. maí 1985, þar sem ekki er gert ráð fyrir aðkomu að lóðinni frá Hamratúni. Skipulaginu hefur ekki verið breytt varðandi aðkomu að húsinu en byggingarnefnd samþykkti án þess að fyrir lægi samþykki skipulagsnefndar, aðkomu fyrir starfsmenn að Grænumýri 5 frá Hamratúni. Í skipulags- og bygginga skilmálum fyrir iðnaðarhverfið eru ákvæði sem heimila byggingarnefnd að gera ítarlegrí kröfur varðandi snyrtimennsku og frágang á lóðum og lóðamörkum. Skipulagið gerir ráð fyrir því að á mörkum íbúðabyggðar og iðnaðarsvæðis komi hljóðvörn, minnst 80 cm yfir uppgefnum viðmiðunarkóta iðnaðarhúss.

Nefndin felur byggingarfulltrúa að svara bréfi TM Mosfells hf., Stuðla hf. og Hlíðartúns sf., dags. 28.11.2000.

3. mál: Æfingar- og keppnisbraut í Mosfellsbæ fyrir "go-kart" bíla, sbr. bréf, dags. 06.10.2000.

Vísun frá 313. fundi bæjarstjórnar og samþykkt tillögu atvinnu- og ferðamálanefndar.

Nefndin vísar málinu til frekari athugunar umhverfisdeilda.

4. mál: Deiliskipulag íþrótt- og skólasvæðis.

Vísun frá 313. fundi bæjarráðs. Bréf frá Kristni Benediktssyni dags. 30. 10.2000 og samþykkt tillögu atvinnu- og ferðamálanefndar.

Nefndin óskar eftir frekari upplýsingum frá bréfritara varðandi erindið.

5. mál: Deiliskipulag athafnasvæðis við Meltún.

Ósk frá Sigurplasti um viðbyggingu til suðurs. Byggingarfulltrúi kynnti teikningar frá Halldóri Gíslasyni arkitekt, nr. 02 og 05, dags. des. 2000 Viðbyggingin fer 3-4 m út fyrir byggingarreit samkvæmt deiliskipulagi. Hæð mannvirkisins er innan marka deiliskipulags. Nýtingarhlutfall er innan marka deiliskipulagsins.

Nefndin er jákvæð fyrir erindinu enda verði byggingin með samskonar klæðningu og á því húsi sem hún byggist að og leggur til að unnið verði að deiliskipulagsbreytingu í samræmi við erindið.

6. mál: Deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Flugumýri.

Ósk frá Reyni Hjálmtýssyni, Flugumýri 10-12 um breytingu á deiliskipulagi, sbr. meðfylgjandi gögn.

Frestað.

7. mál: Hlíðarás 2.

Fyrirspurn frá Ragnari Sæmundssyni, f.h. lóðarhafa um leyfi til að byggja einbýlishús á einni hæð á lóðinni. Fyrir er á lóðinni eitt hús.

Frestað.

8. mál: Bréf lóðarhafa Hamrafells, Hjallabrekku og Hulduhóla, dags. 24.11.2000, um gerð deiliskipulags á lóðum þeirra.

Vísun frá 495. fundi bæjarráðs.

Frestað.

9. mál: Bréf Náttúruverndar ríkisins, dags. 30.11.2000, um náttúruverndaráætlun.

Vísun frá 495. fundi bæjarráðs.

Frestað.

10. mál: Listi yfir ófrágengin mál.

Frestun.

11. mál: Biðskyldumerkingar við Arnarhöfða.

Óskað verði eftir því við lögreglustjóra að þvergötur að Arnarhöfða hafi biðskyldu, í samræmi við umferðarlög.

Frestað.

12. mál: Önnur mál.

Afgreiðsla byggingarleyfa.

Afgreiðslufundur byggingarleyfisumsókna.

2. fundur haldinn þ. 28. desember 2000.

1.mál. Blesabakki 2. Hesthús. Útlits- og fyrirkomulagsbreyting hesthúss.

Þórarinn Jónsson Fellsási 3, 270 Mosfellsbæ, sækir um leyfi til að breyta hesthúsi sínu þannig að turnbygging með kaffistofu verði bætt við ásamt hurðum á austurgafl, gluggar og klæðning endurnýjuð.

Stærð hesthúss: 105,6 m², kaffistofa 24,0 m² samtals 388,7 m³.

Stærðaraukning 40,8 m³.

Samþykkt.

2.mál. Ásland 20. Parhús. Útlitsbreyting.

Sigurður B. Guðmundsson Áslandi 20, 270 Mosfellsbæ, sækir um leyfi til að setja útidyrahurð á snyrtingu á

suðvesturgafi. Engar stærðarbreytingar.

Samþykkt.

3.mál Spóahöfði 1-7. Raðhús. Útlits- og fyrirkomulagsbreyting.

Skörungar ehf. sækja um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi og staðsetningu þakglugga samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Engar stærðarbreytingar.

Samþykkt.

4.mál. Súluhöfði 11. Einbýlishús.

Ívar Örn Kjartansson Furugerði 15, 108 Rvík sækir um leyfi til að byggja einbýlishús úr steinsteypu á lóðinni númer 15 við Súluhöfða.

Stærð húss: 161,0 m², bílskúr 39,6 m², samtals 730,8 m³.

Samþykkt.

5.mál Spilda úr landi Hrísbrúar. Þjsknr. 0003-4001. Vinnuskúr.

Reynir Vilhjálmsson Fagrabæ 19, sækir um leyfi til að byggja vinnuskúr úr timbri á spildu úr landi Hrísbrúar. Þjsknr.: 0003-4001

Stærð vinnuskúrs: 24,2 m², samtals 72,1 m³.

Samþykkt.

6.mál. Vindhóll hesthús. Útlits- og fyrirkomulagsbreyting hesthúss.

Guðrún S. Pétursdóttir Tómasarhaga 18 Rvík, sækir um leyfi til að setja svalir á austurgafi og breyta innra fyrirkomulagi hesthúss. Milliloft sem kaffistofa og fyrirkomulagi á stíum. Hesthús 318,1 m², milliloft 53,3 m², samtals 1479,7 m³. Engin rúmmálsbreyting.

Samþykkt.

7.mál Álafossvegur 23. Útlitsbreyting.

Arnbór Jónsson Álafossvegi 23, Mos. Agnes Kristjánsdóttir Álafossvegi 23, Mos. og Ólafur Jónsson Birkhlíð 2b, Hfj. sækja um leyfi til að byggja þrennar svalir á húsið númer 23 við Álafossveg. Fyrir liggur samþykki meðeigenda. Samþykkt.

Fleira var ekki tekið til afgreiðslu.

Ásbjörn Þorvarðarson byggingafulltrúi.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10 fh.